

**Ed.**

**438. Lög**

um löggilding verzlunarstaðar í Selárvík í Árskógshreppi.

(Afgreidd frá Ed. 7. apríl).

1. gr.

Í Selárvík í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Löggilding þessi kemur til framkvæmda, þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.